

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 2. desember 2020
UST202011-100/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Borgir – Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Borgir í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram skipulagssvæðið nær til 3 ha. spildu, Borgir úr landi Sólvalla, þar sem heimilt er að byggja íbúðarhús og bílskúr, gestahús og/eða geymslu/skemmu, sem er í samræmi við skilmála aðalskipulags þar sem er heimilt að hafa 3 byggingar á lóð. Heildarbyggingamagn lóðar getur verið allt að 450 m².


Sunnan við skipulagssvæðið eru Oddaflóð, sem voru friðlýst 1994 sem friðland vegna fuglalífs.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur